

Reglur ungbarnaleikskóla stúdenta

1. Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að annað foreldri/forráðamaður eða báðir stundi nám við HÍ og ber þeim að skila námsvottorði við upphaf hvernar annar.
2. Forsendur fyrir leikskólavist eru að foreldrar skili eðlilegri námsframvindu. Námsframvinda telst vera eðlileg ef foreldri lýkur a.m.k. 40 einingum á ári, eða 2/3 hlutum þess náms sem viðkomandi deild eða skor telur vera eins árs nám. Þar af þarf að ljúka a.m.k. 18 einingum á haustönn.
3. Sé foreldrið skráð í verkefni/námskeið á sumarönn, sem skilar þeim einingum sem á vantar, getur viðkomandi fengið endurnýjun á leikskólavist til bráðabirgða.
4. Ef, af einhverjum ástæðum foreldri getur ekki skilað eðlilegri námsframvindu þarf að hafa samband við leikskólafulltrúa FS / úrskurðarnefnd.
5. Úrskurðarnefnd er skipuð þremur fulltrúum, einum frá Félagsstofnun stúdenta, einum frá S.H.Í. og einum frá Námsráðgjöf H.Í. Nefndin skal skera úr öllum ágreiningsmálum sem upp koma varðandi vistun og er niðurstaða nefndarinnar endanleg.
6. Ef sérstakar aðstæður liggja fyrir er hægt að sækja um forgang að leikskólunum. Umsókn um forgang fer fram á eftirfarandi hátt:
 1. Umsókn skal skilað til leikskólafulltrúa. Með umsókn skulu fylgja gögn sem styðja forgang þ.e. læknisvottorð, vottorð frá félagsráðgjafa og/eða greiningarstöð.
 2. Leikskólafulltrúi mælir með forgangi við úrskurðarnefnd sem skoðar hvert tilvik fyrir sig.
 3. Leikskólafulltrúi tilkynnir foreldrum ákvörðun nefndarinnar og er niðurstaða nefndarinnar endanleg.
7. Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við Félagsstofnun stúdenta.

Farið skal með allar umsóknir og upplýsingar sem þeim fylgja sem trúnaðarmál og hvílir þagnarskylda á starfsmönnum Leikskóla stúdenta og úrskurðarnefnd